

SÝNINGUNNI LÝKUR ANNANÐ KVÖLD

Nú liður að lokum Haustsýningar Félags íslenskra myndlistarmanna að Kjarvalsstöðum. Hún hefur staðið yfir frá 28. ágúst og er sunnudagurinn 12. september síðasti dagur sýningarinnar. Aðsókn að sýningunni hefur verið góð og fjöldi verka hefur selst.


Sú nýtbreytni hefur verið á Hustsýningunni að þessu sinni, að haldnir hafa verið tónleikar og kvikmyndasýningar í sýningarsalnum.

Í dag, 11. september, mun söngflokkurinn Hljómeyki syngja þrívægis að Kjarvalsstöðum, milli kl. 15 og 17. Á efnisskrá flokksins eru ýmis verk innlendra og erlendra höf-

unda. Í dag og á morgun, sunnudag, verða ennfremur kvikmyndasýningar um heimsfræga erlenda myndlistarmenn.

Kvikmyndasýningin í dag nefnist 3 listmálarar og hefst hún kl. 17. Verða sýndar myndir um listmálarana Max Breckmann, Francis Bacon og Hundertwasser. Sýningin á sunnudag hefst einnig kl. 17 og verða sýndar 5 myndir um Súrelisma og Dada. M.a. verður mynd um André Masson.


Kvikmyndasýningarnar og tónleikarnir eru innifaldir í aðgangseyri sýningarinnar. Það skal tekið fram, að Haustsýning Félags íslenskra



myndlistarmanna verður ekki framlengd.

Ásgeir Magnússon látinn

Ásgeir Magnússon, framkvæmdastjóri íslenska járnblendifélagssins og fyrrum framkvæmdastjóri Samvinnutrygginga og Andvöku lézt í Reykjavík í gær eftir skamma sjúkdómslegu, 54 ára að aldri. Hans verður



nánar minnst í blaðinu síðar.

Leiðrétting

Alþýðublaðið birti s.l. fimmtudag viðtal

við deildarstjóra í Fjármálaráðuneytinu. Fram kom að nafn hans væri Guðmundur Einarsson, en hið rétta

er að það var Guðmundur Karl Jónsson deildarstjóri sem varð fyrir svörum. Leiðrétting þetta hér með.

alþýðu- blaðið

Nýir umboðs- menn

Vestmannaeyjar: Helgi Sigurlásson, Brimhólabraut 5. Höfn í Hornafirði: Birna Skarphéðinsdóttir, Garðsbrún 1.

Þeir, sem vilja gerast áskrifendur að blaðinu, geta snúið sér til framangreindra.



Hringið og
pantið föst
söluhverfi!

Alþýðublaðið - sími 14900

Skrifstofustörf

Rafveita Hafnarfjarðar óskar að ráða starfskraft á skrifstofu. Aherzla lögð á vélritunarkunnáttu. — Laun eftir launaflokk B-7. Umsóknum skal skila fyrir 20. september til rafveitustjóra, sem veitir nánari upplýsingar um starfið.

Rafveita Hafnarfjarðar.

Myndlista- og Handíðaskóli Íslands

Námskeið

frá 1. október 1976 til 20. janúar 1977.

1. Teiknun og málun fyrir börn og unglinga
2. Teiknun og málun fyrir fullorðna.
3. Bókband
4. Almennur vefnaður.
5. Myndvefnaður

Námskeiðin hefjast föstudaginn 1. október. Innritun fer fram daglega kl. 9-12 og 2-5 á skrifstofu skólans, Skipholti 1. Námskeiðsgjöld greiðist við innritun áður en kennsla hefst.

Skólustjóri

Tilboð óskast

í nokkrar fólksbifreiðar, er verða sýndar að Grensásvegi 9, þriðjudaginn 14. september kl. 12-3. Tilboðin verða opnuð í skrifstofu vorri kl. 5.

Sala varnarliðseigna.

Skippý gallabuxur

og

Skippý gallavesti

í stærðum
frá 4—16

Flauelsbuxur Kassabuxur

Vinsamlegast hafið samband við sölumenn okkar sem fyrst.

Ágúst Ármann hf. 

SUNDABORG, SÍMI 86677.